

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/1093
komudagur 20.2.2012

Albína Hulda Pálsdóttir
Íslenskar fornleifarannsóknir ehf
Háaleitisbraut 30
108 Reykjavík
fornleifarannsoknir@gmail.com

Reykjavík, 20. febrúar 2012

Allsherjar- og menntamálanefnd
Skrifstofa Alþingis
Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um Þingskjal 370 — 316. mál. Frumvarp til laga um menningarminjar.

Almenn umsögn

Ég vil lýsa ánægju minni með að verið sé að setja ný menningarminjalög og með fyrirhugaða Minjastofnun sem öfluga stofnun á sviði minjaverndar á Íslandi. Markmið nýrra laga eru góð en því miður á frumvarpið enn langt í land til að vera hæft til samþykktar á Alþingi.

Ég mótmæli harðlega vinnubrögðum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins við samningu og endurskoðun frumvarpsins. Nánast ekkert samráð var haft við fagaðila í fornleifafræði við samningu þess þrátt fyrir mikinn vilja að hálfu fornleifafræðinga til að taka þátt í þeirri vinnu.

Við endurskoðun frumvarpsins tók ráðuneytið lítið tillit til þeirra fjölmörgu alvarlegu athugasemda sem bárust seinasta vor þegar frumvarpið var til meðferðar í menntamálanefnd. Engar skýringar hafa verið gefnar á þessu. Hugtakanotkun í frumvarpinu hefur ekki verið samræmd, enn koma fyrir fjögur mismunandi hugtök um fornleifarannsóknir, björgunarrannsókn, neyðarrannsókn, framkvæmdarannsókn og skyndirannsókn sem ekki eru útskýrð í texta frumvarpsins.

Ákvæði um stóra og litla framkvæmdaaðila og hver beri ábyrgð á kostnaði við fornleifarannsóknir og fornleifaskráningu eru enn allt of óljós og mun það valda miklum vandkvæðum í starfi Minjastofnunar.

Ég hvet Allsherjar- og menntamálanefnd til að taka lögin til gagn Gerrar endurskoðunar og að viðhöfð verði vönduð vinnubrögð svo úr verði skýrt frumvarp sem tryggja mun einfalda og skilvirka stjórnsýslu og stendur vörð um menningarverðmæti þess lands.

Athugasemdir við einstakar greinar

Fyrst kemur tillaga mín að breytingu hverrar greinar og síðan rökstuðningur. Þar sem vafi getur leikið á um breytingar eru þær merktar í gulu.

2. gr

Þjóðminjar og þjóðarverðmæti.

Þjóðminjar teljast jarðfastar minjar eða lausir gripir eða hlutir sem eru einstakir og hafa sérstaka merkingu og mikilvægi fyrir menningarsögu Íslands. Þjóðminjar skulu vera friðaðar eða varðveittar í Þjóðminjasafni Íslands eða á vegum þess í viðurkenndum söfnum.

Rökstuðningur

Réttast væri að taka ákvæði úr friðlýsingar úr lögnum. Nóg er að allar fornleifar séu friðaðar og hægt er að tilnefna ákveðinn úrvalsflokk minja sem þjóðminjar.

3. gr
Fornminjar

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru eldri en 100 ára, svo sem:

Rökstuðningur

Ég geri alvarlegar athugasemdir að horfið sé frá 100 ára reglunni sem notast er við í núgildandi Þjóðminjalögum. Sú regla hefur reynst vel og tryggir að sífellt sé verið að skoða minjar af ýmsum gerðum sem koma undir friðunarákvæði. 100 ára reglan tryggir verndun fornminja og menningarlandslags betur að mínu mati en að miða við ártalið 1900. Í þeim löndum þar sem miðað er við föst ártöl hefur það yfirleitt gefist illa og leitt til skemmda á merkilegum menningarminjum.

Óforsvaranlegt er að gera róttæka breytingu á lagaramma um vernd fornleifa án þess að umræða hafi farið fram um hana í fræðasamfélaginu og haft hafi samráð við þá aðila sem best þekkja til í þessum málum.

5. gr
Friðun

Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara. Um friðun og verndun kirkjugripa fer samkvæmt lögum um Þjóðminjasafn Íslands.

Rökstuðningur

Allar fornleifar eru friðaðar og það á að vera nóg til að tryggja verndun þeirra. Friðlýsingum hefur nánast ekkert verið beitt undanfarin 20 ár og núgildandi friðlýsingaskrá er úrelt. Hið tvöfalda kerfi friðunar og friðlýsingar hefur ekki reynst vel. Allar fornleifar ber að vernda nema að Minjastofnun úrskurði annað.

8. gr
Fornminjanefnd.

Ráðherra skipar fornminjanefnd til fjögurra ára í senn. **Félög fornleifafræðinga tilnefna tvo fulltrúa, námsbraut í fornleifafræði við Háskóla Íslands einn** og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn fulltrúa. Ráðherra skipar tvo fulltrúa án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður en varaformaður skal skipaður úr hópi nefndarmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ekki er heimilt að skipa sama mann aðalmann lengur en tvö samfelld starfstímabil.

Fornminjanefnd hefur eftirfarandi hlutverk:

a. að vinna að stefnumörkun um verndun fornleifa og fornleifarannsóknir ásamt Minjastofnun Íslands,

b. felld út í heild sinni

c. að setja fornminjasjóði úthlutunarreglur sem ráðherra staðfestir,

d. að veita umsögn um styrkumsóknir úr fornminjasjóði,

e. að sinna öðrum verkefnum sem henni kunna að vera falin samkvæmt lögum.

Forstöðumaður Minjastofnunar Íslands situr fundi fornminjanefndar stöðu sinnar vegna.

Kostnaður af starfsemi fornminjanefndar greiðist úr fornminjasjóði.

Rökstuðningur

Gerð er alvarleg athugasemd við hvernig skipað skal í Fornminjanefnd. Miðað við hve umfangsmikið hlutverk nefndarinnar á að vera í stefnumótun og styrkúthlutunum í fornleifafræði og minjavernd er óviðunandi og óréttlætanlegt að aðeins einn aðili sem líklegt er að hafi einhverja menntun í fornleifafræði muni sitja í nefndinni. Á meðan svo er getur Fornminjanefnd aldrei orðið öflug fagnefnd. Réttast væri að félög fornleifafræðinga skipuðu að tvo aðila til að sitja í nefndinni og námsbraut í fornleifafræði við Háskóla Íslands einn.

Gerð athugasemd við að starf nefndarinnar muni vera fjármagnað úr Fornminjasjóði. Sá sjóður hefur undanfarin ár verið mjög lítill og ef starf nefndarinnar á að vera jafn umfangsmikið og 8. gr gefur til kynna er ljóst að stór hluti fjármagns sjóðsins mun fara í að greiða fyrir starfsemi nefndarinnar.

Forstöðumaður Þjóðminjasafnsins getur ekki átt sæti í fornminjanefnd þar sem safnið mun væntanlega oft sækja um styrki í fornminjasjóð sem nefndin tekur afstöðu til. Það getur ekki talist í anda gildandi stjórnsýslulaga að slíkur beinn hagsmunaaðili sitji reglulega fundi nefndarinnar.

10. gr

Minjasvæði og minjaráð.

Engin tillaga um breytingu á lagagrein.

Umfjöllun

Ég er almennt ánægð með þessa grein og tel að minjaráðin geti orðið öflugur samráðsgrundvöllur um minjavernd og miðlun ef vel er staðið að skipun aðila til setu í þeim. Mikilvægt er að hlutföll heimamanna og fagfólks með menntun í fornleifafræði og minjavernd í ráðunum séu sem jöfnust til að tryggja faglegt starf í sátt við nærsamfélagið.

11. gr

Hlutverk

i. framkvæma nauðsynlegar rannsóknir og vettvangskannanir á yfirborði til að staðfesta umfang og eðli minja og bjarga gripum ef þörf krefur

Rökstuðningur

Minjastofnun á ekki að stunda neinar rannsóknir á vettvangi aðrar en skoðun á yfirborði og björgun gripa. Hlutverk Minjastofnunar er að hafa eftirlit með fornleifarannsóknum og veita leyfi til þeirra. Ef slík eftirlitsstofnun stundar rannsóknir sem hafa í för með sér jarðrask, hver á þá að hafa eftirlit með hennar rannsóknum? Það eru ekki góðir stjórnsýsluhættir að slík stofnun sitji þannig beggja megin borðs.

Í dag er Fornleifavernd ríkisins svo undirmönnuð og illa búin nauðsynlegum tækjum og forritum að stofnunin getur í raun ekki tekist á hendur fornleifauppgröft svo vel sé. Skýrslur stofnunarinnar um eigin uppgrefti og rannsóknir eru lítt aðgengilegar. Engin leið er fyrir fornleifafræðinga eða almenning að fylgjast með því hvar stofnunin hefur framkvæmt fornleifauppgrefti og hvort skýrslur og skil á gripum hafa farið fram á viðunandi hátt. Á þessu verður að ráða bragabót og best er að gera það með skýru lagaákvæði þar sem ljóst er að Minjastofnun mun ekki sjálf sjá um rannsóknir sem hafa í för með sér jarðrask heldur einungis bjarga gripum og stöðva skemmdir og fela svo aðilum á markaði frekari rannsóknir.

Samrýma þarf hugtakanotkun í þessari grein, er einhver munu á björgunarrannsókn og skyndirannsókn? Má ekki bara tala um fornleifarannsóknir og skýra svo mismunandi ástæður að baki þeirra í reglugerð? Þetta er óþarflega flókið eins og greinin er í frumvarpinu.

12. gr

Forstöðumaður.

Skipaður skal maður með framhaldsmenntun á háskólastigi og staðgóða þekkingu á starfssviði stofnunarinnar.

Rökstuðningur

Það er lágmarkskrafa að forstöðumaður Minjastofnunar hafi framhaldsmenntun á háskólastigi einhverju þeirra fagsviða sem stofnunin nær til.

13. gr
Minjaverðir.

Minjaverðir skulu hafa framhaldsmenntun á háskólastigi og sérþekkingu á einhverju þeirra fagsviða sem undir stofnunina falla.

Í þjónustusamningi milli Minjastofnunar Íslands og Þjóðminjasafns Íslands má fela minjavörðum eftirlit með minjum sem heyra undir Þjóðminjasafn Íslands.

Rökstuðningur

Það er lágmarkskrafa að minjaverðir hafi framhaldsmenntun á háskólastigi í fornleifafræði. Hugmyndum um útvíkkun starfssviðs Minjavarða er hér mótmælt, þeir eiga þegar afar erfitt með að anna öllum þeim verkefnum sem þeim ber að sinna enda eru minjasvæði þeirra mjög stór. Eðlilegast væri að hið minnsta tveir minjaverðir væru á hverju svæði, einn með sérþekkingu á fornleifafræði og minjavernd og annar á húsafriðun og málum því tengdu ef víkka á út starfssvið þeirra.

14. gr
Gjaldtökuheimild.

Engin tillaga um breytingu á lagagrein.

Umfjöllun

Mikilvægt er að allri gjaldtöku vegna leyfisumsókna sé mjög stillt í hóf. Þegar er mjög erfitt að fjármagna fornleifarannsóknir á Íslandi og gjaldtaka þarf að vera vel rökstudd og hófleg.

15. gr.
Skráning og skil á gögnum.

Umfjöllun

Mjög óljóst er hvað áhrif þessi grein mun hafa á fornleifaskráningu í landinu og virðist vera um að ræða töluverða breytingu frá núgildandi lögum. Ég tel að fara þurfi vel yfir lagalegar afleiðingar þessarar greinar og endurskoða hana og skýra í framhaldi af því.

16. gr
Skráning vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda.

Umfjöllun

Hér geri ég sömu athugasemdir og við 15. grein. Mjög óljóst er hvað áhrif þessi grein mun hafa á fornleifaskráningu í landinu og virðist vera um að ræða töluverða breytingu frá núgildandi lögum. Afar óljóst hver á að greiða fyrir fornleifaskráningu miðað við þessa grein. Ég tel að fara þurfi vel yfir lagalegar afleiðingar þessarar greinar og endurskoða hana og skýra í framhaldi af því.

18. og 19. gr
Friðlýsing og framkvæmd hennar

Fella ber út ákvæði um friðlýsingu og láta friðun allra fornleifa duga.

Rökstuðningur

Almennt er rétt að fella niður sérstaka friðlýsingu fornleifa. Allar minjar eldri en 100 ára eru friðaðar samkvæmt lögum og sú vernd á að vera nóg til þess að tryggja að þær séu ekki eyðilagðar. Hægt er að tilnefna ákveðna minjastaði í flokk þjóðminja ef markmiðið er að halda utan um úrval íslenskra fornleifa. Sérstök ákvæði geta gilt um þjóðminjar svo sem ákvæði um stærra friðhelgunarsvæði.

21. gr.
Verndun fornleifa.

Um fjöllum

Samkvæmt nágildandi lögum er afar erfitt að fá lögregluna til að sækja mál er varða skemmdir á fornleifum vegna þess hve sektir eru lágar, rannsókn málanna erfið og sönnunarbyrðin þung.

Nú er tækifæri til setja lög sem tryggja vernd fornleifa og senda skýr skilaboð til framkvæmdaaðila um að fornleifar beri að vernda.

Að sama skapi verður Minjastofnun að vera nógu öflug og hafa nægan fjölda starfsfólks til þess að geta sinnt þessum málum hratt og vel svo óvæntir fornleifafundir valdi ekki óhóflegum töfum og kostnaðarauka við framkvæmdir. Hröð og vönduð afgreiðsla tryggir að framkvæmdaaðilar verða ekki hræddir við að tilkynna um óvænta fornleifafundi.

Nauðsynlegt er að Minjastofnun verði tryggt nægilegt fjármagn til að viðhalda þjóðminjum með sóma en þau mál eru nú í algjörum ólestri og margar friðlýstar minjar eru illa farnar vegna skorts á viðhaldi.

22. gr.

Friðhelgun og merkingar.

Þjóðminjum skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis þjóðminjar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið. Minjastofnun Íslands skal sjá til þess að þjóðminjar séu auðkenndar með sérstökum merkjum. Upplýsingaskilti eða aðrar merkingar við þjóðminjar skulu vera í samræmi við reglur sem stofnunin setur og skal staðsetning þeirra vera háð samþykki stofnunarinnar. Minjastofnun Íslands er heimilt að fjarlægja skilti eða aðrar merkingar sé gerð þeirra og staðsetning ekki í samræmi við reglur sem stofnunin setur og kynnir.

Rökstuðningur

Orðið þjóðminjar sett í stað friðlýstra fornleifa í samræmi við athugasemdir við 18. og 19. grein. Hvernig á að taka á friðhelgunarsvæði minja í þéttbýli? Ekkert er fjallað um það í greininni, líklega er það handvömm.

28. gr

Kostnaður við rannsóknir.

Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

Um fjöllum

Í 2. málsgrein er tvítekning og afar óljóst er samkvæmt greininni hvenær framkvæmdaaðli þarf að greiða kostnað vegna fornleifarannsóknar- og skráningar. Hvað eru umfangsmiklar framkvæmdir? Hver ákveður hvenær framkvæmdaaðili þarf að bera kostnað vegna fornleifarannsóknar og skráningar og hvenær kostnaður fellur á Minjastofnun?

EKKI er eðlilegt að treyst sé á að fornminjasjóður muni greiða fyrir rannsóknir vegna umfangsminni framkvæmda líkt og getið er um í greinagerð með frumvarpinu. Slíkt fyrirkomulag myndi verða þess valdandi að slík verk tefðust mjög. Fjárframlög til sjóðsins þyrftu að aukast verulega og úthlutanir að verða mun tíðari en nú er úr fornleifasjóði. Leysa þarf úr þessum fjármögnunarvanda á einfaldan hátt. Líklega væri eðlilegast að Minjastofnun stæði straum af slíkum rannsóknum og þeim væri mætt að hluta af fjárlheimildum stofnunarinnar og að hluta með fjáráukalögum.

Í þessari grein birtist eitt af helstu vandamálunum við núgildandi þjóðminjalög. Nauðsynlegt er að skýra þetta ákvæði mun betur til að eyða lagalegri óvissu. Tryggja þarf að smærri framkvæmdaaðilar s.s. einstaklingar þurfi ekki að bera kostnað við fornleifarannsóknir. Séu þessi ákvæði óskýr leiðir það til þess að smærri framkvæmdaaðilar veigra sér við að tilkynna um óvænta fornleifafundi þar kostnaður vegna þeirra getur fallið á þá. Slík staða er ekki góð fyrir verndun fornminja á Íslandi.

36. gr

Fornleifarannsókn.

Stjórnandi slíkra rannsókna skal að lágmarki hafa framhaldsmenntun á háskólastigi í fornleifafræði og uppfylla skilyrði sem Minjastofnun Íslands setur fyrir veitingu leyfa til fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér.

Óheimilt er að flytja úr landi lífræn eða ólífræn sýni úr fornleifarannsóknum nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands. Sækja þarf um leyfi til töku sýna úr gripum, manna- og dýrabeinum sem valda skemmdum á þeim. Sýnum skal skilað til Þjóðminjasafns eftir greiningu þegar það er hægt.

Rökstuðningur

Eðlilegt er að stjórnandi rannsókna sem hafa jarðrask í för með sér hafi hið minnsta lokið framhaldsmenntun á háskólastigi í fornleifafræði. Hér á frekar að gera meiri körfur en minni og best væri ef þegar væri búið að leggja fram þær reglur sem Minjastofnun mun miða við veitingu uppgraffarleyfa.

Eðlilegt væri að sækja þyrfti um leyfi til sýnatöku og greininga á gripum, manna- og dýrabeinum sem leiða til óafturkræfra skemmda á þeim. Í þeim tilfellum þegar t.d. bein er sent erlendis til sýnatöku og einungis hluti þess skemmdur við sýnatökuna væri eðlilegt að þeir hlutar beinsins sem eftir væru yrðu sendir aftur á Þjóðminjasafnið. Sambærilegar reglur gilda til dæmis á Írlandi.

38. gr

Rannsóknir á áður ókunnum fornminjum

Komi áður ókunnar minjar í ljós við framkvæmdir eða með öðrum hætti skal Minjastofnun Íslands meta eðli þeirra og umfang og hvort frekari rannsókna sé þörf. Kostnaður af slíku mati greiðist af stofnuninni. Stofnunin getur falið öðrum framkvæmd þessa mats.

Rökstuðningur

Notkun orðsins skyndirannsókn er óheppileg enda geta rannsóknir sem óvænt þarf að fara í tekið mjög langan tíma og verið umfangsmiklar. Réttara og í meira samræmið við 24. grein frumvarpsins væri að tala um rannsóknir á áður ókunnum fornminjum.

39. gr

Rannsóknir á þjóðminjum

Rannsóknir á þjóðminjum sem hafa röskun minjastaðar í för með sér skulu hlíta sérstökum skilmálum sem Minjastofnun Íslands setur.

Rökstuðningur

Þjóðminjar sett í stað „friðlýstra fornleifa“. Ekki getur talist eðlilegt að ekki megi rannsaka þjóðminjar. Eðlilegra væri að þegar um mjög merkar minjar er að ræða væru gerðar ýtrustu kröfur um fjármögnun og rannsóknaráætlun með það að leiðarljósi að það rask sem verður á minjunum gefi eins miklar upplýsingar og mögulegt er. Annars mun þekking á helstu minjastöðum þjóðarinnar standa í stað um ókomna tíð. Ekki verður séð að það sé til mikils framdráttar fyrir íslenska menningarsögu.

40. gr

Lokfornleifarannsóknar.

Öllum gripum og sýnum sem finnast við fornleifarannsóknir skal skilað til Þjóðminjasafns Íslands innan þess tíma sem tilgreindur er í rannsóknarleyfi þeirra ásamt skrá yfir þá í því formi sem safnið ákveður.

Fornleifarannsókn telst lokið þegar gengið hefur verið frá minjastað í samræmi við reglur Minjastofnunar Íslands, gögnum skilað og birt skýrsla um niðurstöður rannsóknarinnar.

Afrit af öllum gögnum og rannsóknarskýrslur skal afhenda Þjóðminjasafni Íslands til varðveislu innan árs frá áætluðum lokum verkefnis, sbr. 3. gr. laga um Þjóðminjasafn Íslands, í því formi sem Minjastofnun Íslands ákveður í samráði við Þjóðminjasafn Íslands. Afriti af rannsóknarskýrslum skal skilað til Minjastofnunar Íslands í því formi sem stofnunin ákveður.

Standi rannsóknaraðili ekki skil á gripum, sýnum, áfanga- og lokaskýrslum og rannsóknargögnum í samræmi við ákvæði 3. mgr. getur það haft áhrif á afgreiðslu frekari umsókna viðkomandi um ný rannsóknarleyfi.

Rökstuðningur

Ekki er raunhæft að öllum gripum sé skilað innan árs. Eðlilegra væri að í rannsóknaráætlun í umsókn um rannsóknarleyfi sé sett fram áætlun um skil á gripum og sýnum sem Minjastofnun samþykkir. Sá tími gæti verið frá nokkrum mánuðum fyrir minni rannsóknir upp í einhver ár fyrir mjög umfangsmikil verkefni. Hægt væri að miða við að hámark liðu t.d. 5 ár frá því að gripir, bein og sýni eru grafin upp þangað til þeim er skilað.

Heppilegast væri að vönduðum afritum á rafrænu formi eða pappír af öllum rannsóknargögnum væri skilað. Rannsakandi gæti haldið eftir frumgögnum sínum.

Mikilvægt er að kveðið sé skýrt á um kröfuna til að standa skil á áfanga- og lokaskýrslum auk gripa og rannsóknargagna þar sem misbrestur hefur verið á slíkum skilum af hálfu fornleifafræðinga hingað til. Fornleifavernd ríkisins hefur haft takmörkuð úrræði til að taka á þessu vandamáli hingað til og brýnt er að tryggja að sama vandamál komi ekki upp hjá nýrri Minjastofnun.

42. gr

Fornminjasjóður.

Fornminjasjóður hefur það hlutverk að stuðla að varðveislu og rannsóknum á fornminjum. Sjóðurinn veitir styrki til rannsókna á fornminjum, miðlunar upplýsinga um þær og til varðveislu og viðhalds á fornminjum.

Styrkir úr fornminjasjóði eru ákveðnir í samræmi við úthlutunarreglur, sbr. 2. mgr. 8. gr.

Tekjur fornminjasjóðs eru:

a. framlag ríkissjóðs eftir því sem ákveðið er í fjárlögum,

b. framlag sveitarfélaga sem greiðist úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og skal miðað við að það nemi 150 kr. á hvern íbúa hlutaðeigandi sveitarfélags,

c. önnur framlög.

Rökstuðningur

Þar sem fornleifaskráning er hluti af skipulagsgerð og umhverfismati og á að vera fjármögnuð af framkvæmdaaðilum, sveitarfélögum og ríkinu er óþarft að Fornminjasjóður styrki fornleifaskráningu sérstaklega nema um sérstaka rannsókn sé að ræða. Hún myndi þá falla undir „rannsókn á fornminjum“.

Fellt er út ákvæði um styrki til annarra verkefna s.s. vegna viðhalds gamalla báta og samgöngutækja. Styrkir til slíkra verkefna eiga ekki heima í fornminjasjóði þar sem ekki er líklegt að þeir sem sjá um úthlutanir muni hafa sérþekkingu á þeim efnum.

Bætt er við b. lið sem er eins og í Húsafriðunarsjóði. Hlutverk sjóðanna tveggja er sambærilegt og eðlilegt er að báðum sé tryggð viðunandi föst fjármögnun. Markmið þessara nýju laga er að samrýma hlutverk þessara tveggja sjóða líkt og sagt er í meðfylgjandi greinargerð og hlýtur sú samræming að eiga ná til fjármögnunar sjóðanna sem og annarra þátta.

45. gr.

Menningarminjar

12. Dýrafræðileg, grasafræðileg, jarðfræðileg eða líffræðileg söfn og safneintök og sömuleiðis söfn sem hafa gildi fyrir sagnfræði, steingervingafræði, **fornleifafræði**, mannfræði eða myntfræði.

Rökstuðningur

Eðlilegt er að bæta fornleifafræði inn í 12. lið.

52. gr.

Skrár.

Minjastofnun Íslands skal birta þær skrár sem stofnuninni ber að færa **á aðgengilegan hátt** samkvæmt lögum þessum.

Rökstuðningur

Mikilvægt að aðgengi að þeim gögnum sem Minjastofnun heldur utan um sé auðvelt jafnt fyrir almenning og fræðimenn.

55. gr.

Dagsektir.

Minjastofnun Íslands getur lagt allt að 50.000 kr. dagsekt, fyrir hvern byrjaðan dag, á þann sem vanrækir að:

- a. skila öllum gögnum sem varða skráningu fornleifa, húsa og mannvirkja til stofnunarinnar skv. 4. mgr. 15. gr.,
- b. skila gripum sem finnast við fornleifarannsóknir skv. 1. mgr. 40. gr.,
- c. e. skila öllum gögnum og birta skýrslu um niðurstöður fornleifarannsóknna skv. 2. mgr. 40. gr.

Minjastofnun Íslands getur lagt allt að 500.000 kr. dagsekt, fyrir hvern byrjaðan dag, á þann sem vanrækir að:

- d. verða við áskorun stofnunarinnar um að stöðva framkvæmdir í allt að fimm virka daga vegna fundar áður ókunnra fornminja skv. 2. mgr. 24. gr.,

Ákvarðanir Minjastofnunar Íslands um dagsektir eru aðfararhæfar. Innheimtar dagsektir renna til ríkissjóðs að frádregnum kostnaði við innheimtuna. **Upphæðir þessar skulu hækka í samræmi við þróun neysluverðsvísitölu.**

Óinnheimtar dagsektir falla ekki niður þó að aðili sinni síðar þeim skyldum sem á honum hvíldu nema Minjastofnun Íslands ákveði það sérstaklega.

Rökstuðningur

a., d. og e. liðir: Ekki getur talist eðlilegt að dagsektir séu svona háar vegna tafa á skilum á gögnum eða gripum úr fornleifarannsókn. Helsta ástæða fyrir töfum á skilum á gripum, gögnum og skýrslum úr fornleifarannsóknnum í dag er skortur á fjármagni.

b. liður

Dagsektir vegna stöðvunar á framkvæmdum ættu að vera hærri, oft eru miklir hagsmunir í húfi við verklegar framkvæmdir og tryggja verður að þar njóti fornleifarnar vafans. Það þarf að kosta framkvæmdaaðila verulegar fjárhæðir að fara á svig við úrskurði Minjastofnunar. Tengja þarf þessa upphæð við þróun verðlags svo hún verði ekki strax úrelt og allt of lág.

Albína Hulda Pálsdóttir

Fornleifafræðingur

Framkvæmdastjóri Íslenskra fornleifarannsókna ehf.